

Föstudaginn 9. júní 1967.

Nr. 66/1967. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Baldri Guðmundssyni

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fjárdráttur.

Dómur Hæstaréttar.

Er ákærði hélt eftir af kaupi Péturs Jóhannssonar kr. 75.000.00, gaf hann honum kvittun hinn 20. desember 1965 þess efnis, að Pétur hefði af kaupi sínu greitt þessa fjárhæð til Gjaldheimtunnar í Reykjavík.

Brot ákærða er í héraðsdómi réttilega heimfært undir 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í Hæstarétti hefur verið lagt fram bréf Gjaldheimtunnar í Reykjavík, dags. 3. apríl 1967, um, að ákærði hafi hinn 30. marz s. l. greitt Gjaldheimtunni kr. 75.000.00 vegna Péturs Jóhannssonar, Ljósavallagötu 22.

Að þessu athuguðu og með hliðsjón af því, að eigi hefur fyrr en 17. febrúar 1967 verið höfðað opinbert mál út af sams konar atferli og því, er ákærði er nú saksóttur fyrir, þykir mega ákveða, að fullnustu refsingar hans, sem er hæfilega tiltekin í héraðsdómi, fangelsi 4 mánuði, skuli fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldið.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 7.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Baldur Guðmundsson, sæti fangelsi 4 mánuði, en fullnustu refsingar skal fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði al-

mennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldið.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 7.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns í Hæstarétti, Hafsteins Baldvinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 27. febrúar 1967.

Ár 1967, mánudaginn 27. febrúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnsyni sakadómar, kveðinn upp dómur í málinu nr. 69/1967: Ákærvaldið gegn Baldri Guðmundssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, útg. 17. þ. m., gegn Baldri Guðmundssyni útgerðarmanni, Goðheimum 9 hér í borg, fæddum 14. maí 1911 á Patreksfirði, „fyrir fjárdrátt með því að standa Gjaldheimtunni í Reykjavík ekki skil á og þannig draga sér kr. 75.000.00, sem hann hélt eftir til greiðslu opinberra gjalda af kaupi Péturs Jóhannssonar sjómanns, Ljósvallagötu 22 í Reykjavík, skipverja á m/s Guðmundi Þórðarsyni, eign ákærða, samkvæmt kvittun, dagsettri 20. desember 1965.

Telst þetta varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, skaðabótagreiðslu og greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Í máli þessu er leitt í ljós, að á árinu 1965 hélt ákærði eftir til greiðslu opinberra gjalda kr. 75.000.00 af kaupi Péturs Jóhannssonar, Ljósvallagötu 22, en hann var á því ári skipstjóri á v/b Guðmundi Þórðarsyni, sem þá var eign ákærða. Ákærði skilaði þessu innheimtufé ekki til Gjaldheimtunnar. Hinn 18. júlí 1966 krafði Gjaldheimtan ákærða um skil á fé þessu, en ekki greiddi ákærði féð að heldur. Hins vegar galt hann kr. 4.240.00, sem hann hafði haldið eftir af kaupi annars manns í sama skyni, en um fjárhæð þessa var krafa gerð í sama bréfi Gjaldheimtunnar.

Í málinu er komið fram, að 28. sept. kærði Gjaldheimtan ákærða enn fyrir vanskil á kr. 22.933.00, er hann hafði haldið eftir af launum eins starfsmanns síns, en ákærði greiddi kröfu

þessa, eftir að lögreglurannsókn hafði farið fram, og tekur máls-
höfðunin ekki til þessa atriðis.

Með því að nota í eigin þarfir kr. 75.000.00, er ákærði hafði
haldið eftir af launum starfsmanns síns og voru þannig orðnar
eign opinberra sjóða, hefur ákærði gerzt sekur um fjárdrátt og
unnið til refsingar skv. 247. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði hefur ekki fyrr sætt refsingu fyrir auðgunarbrot, en
14 sinnum sætt á greiðslu sekta, þar á meðal 4 sinnum fyrir
misnotkun tékka (brot gegn 261. gr. hegnl.).

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuði.
Ekki þykir fært að skilorðsbinda refsinguna, þar sem um veru-
lega fjárhæð er að tefla, og ákærði hefur ekki bætt að neinu
leyti tjón af þessu broti sínu, og eru þó liðnir 7 mánuðir, frá
því að Gjaldheimtan krafði ákærða um greiðslu og yfir 4 mán-
uðir, frá því að lögreglurannsókn hófst út af brotinu.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða kostnað sakarinnar.

Í ákæru er málið sagt höfðað einnig til skaðabótagreiðslu. En
með því að Gjaldheimtan hefur í kærubréfi sínu ekki krafizt
þess, að ákærði verði dæmdur til fjárgreiðslu, enda er hér um
að ræða opinber gjöld, er lögtaksréttur fylgir, verða bætur ekki
dæmdar í máli þessu.

Dómsorð:

Ákærði, Baldur Guðmundsson, sæti fangelsi 4 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.